

## L Ö G

43  
23. júní

um

## barnavernd.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau  
með samþykki Voru:

## I. KAFLI.

## 1. gr.

Barnaverndarnefnd skal vera í öllum kaupstöðum landsins. Utan kaup-  
staða vinna skólanefndir störf barnaverndarnefnda og hafa að því leyti réttindi  
þeirra og skyldur.

## 2. gr.

Bæjarstjórn kys barnaverndarnefnd með hlutfallskosningum, í Reykja-  
vík 7 og í öðrum kaupstöðum 5 menn. Um kjörgengi í nefndirnar fer með sama  
hætti sem um kjörgengi í bæjarstjórn. Að jafnaði skulu vera 2—3 konur í hverri  
nefnd. Ennfremur skal kjósa með sama hætti varamenn í nefndina, 3 í Reykja-  
vík og 2 í öðrum kaupstöðum. Starfsmönnum ríkis og kaupstaða er skylt að  
veita barnaverndarnefnd þá aðstoð, sem hún óskar, og eftir því sem við verð-  
ur komið.

## 3. gr.

Kjörtími barnaverndarnefnda er hinn sami sem bæjarstjórna. Fyrsta  
kosning gildir þó aðeins þar til bæjarstjórnarkosningar fara næst fram.

## 4. gr.

Það er borgaraskylda að taka kosningu í barnaverndarnefnd. Þó geta  
þeir skorazt undan kosningu, er átt hafa sæti í nefndinni allt síðasta kjör-  
tímabilið.

Bæjarstjórn ákveður þóknun nefndarmanna, enda greiðist kostnaður af  
nefndarstörfunum úr bæjarsjóði.

## 5. gr.

Nefndin kys sér sjálf formann, varaformann og ritara, er heldur ná-  
kvæma fundabók um öll störf nefndarinnar og sendir barnaverndarráði árs-  
skýrslu um þau fyrir miðjan febrúar hvert ár (sbr. 21. gr.).

43 Varamenn taka sæti í nefndinni, þegar einhverjir aðalmenn geta ekki  
23. júní mætt á fundum hennar.

### 6. gr.

Hlutverk nefndarinnar er sem hér segir:

1. Hún hefir eftirlit með uppeldi barna innan 16 ára aldurs, svo og vanþroska eða veikra unglunga fyrir ofan þann aldur, er dveljast á heimili vandalausra og njóta ekki fullrar umsjár foreldra.
2. Hún hefir og eftirlit með barnahælum og dagheimilum í umdæmi sínu, svo og með meðferð barna úr kaupstaðnum, sem komið hefir verið fyrir á slíkum stofnunum utan umdæmis hennar.
3. Hún rannsakar kærur eða kvartanir, sem henni berast um meðferð barna eða unglunga (sbr. 1. tölul.) í umdæmi hennar. Einnig hefir hún sjálf frumkvæði að slíkri rannsókn.
4. Hún útvegar í samráði við foreldra, aðra forráðamenn eða sveitarstjórn börnum þeim, sem þurfa þykir, góðan samastað, um lengri eða skemmri tíma, eftir ástæðum.
5. Hún stuðlar að aukinni fræðslu um meðferð og uppeldi barna, t. d. með því að sjá um, að flutt séu erindi um slík efni og veittar leiðbeiningar þeim, er þeirra óska eða þarfnast þeirra.
6. Hún veitir þeim, er þess óska, leiðbeiningar eða aðra slíka aðstoð við uppeldi barna þeirra.
7. Hún getur sett barni sérstakan eftirlitsmann, ef þörf krefur.
8. Hún litur eftir því, að börnum sé ekki ofþjakað með þungri vinnu né löngum vinnutíma.
9. Hún hefir vald til þess, er hún óskar, að rannsaka og kveða upp rökstudda úrskurði um mál barna innan 16 ára aldurs, þau er annars bera undir dóms- og lögregluvaldið.
10. Þar, sem kvikmyndahús starfa, er nefndinni skylt að afla sér áreiðanlegrar vitneskju um hverja mynd, áður en hún er sýnd börnum; og er eigendum kvikmyndahúss skylt að sýna nefndinni hana á undan almenningi, ef hún óskar þess. Telji meiri hluti nefndar mynd skaðlega eða óholla sálarlífi barna, getur hún bannað, að hún verði sýnd börnum.

### 7. gr.

Þegar nefndin æskir þess, ber hlutaðeigandi valdsmanni að láta fara fram réttarrannsókn á slæmri meðferð á barni. Sú rannsókn fer fram fyrir lokuðum dyrum, enda hvílir jafnan á nefndarmönnum full þagnarskylda gagnvart almenningi.

### 8. gr.

Nefndinni er rétt að úrskurða, að barn eða ungling (sbr. 6. gr. 1. tölul.) skuli taka af heimili þess og ráðstafa því annarsstaðar:

1. Þegar barn undir 16 ára aldri hefir brotið almenn hegningarlög.

2. Þegar það er svo ódælt, að bersýnilegt þykir, að foreldrar þess eða húsbændur ráði ekki við það.
3. Þegar drykkjuskapur, illindi eða annað siðleysi hefir spillt heimilinu svo, að velferð barnsins er hættu búin.
4. Þegar barninu er misboðið með líkamlegu ofbeldi, illu atlæti, of mikilli vinnu, slæmum aðbúnaði, eða heimilisástæðurnar eru þannig, að leitt geti til heilsutjóns fyrir það, svo og ef því er ekki séð fyrir lögskipuðu námi.
5. Þegar barnið er ekki heilt á sál eða líkama, og heimili þess getur ekki veitt því þá hjúkrun og uppeldi, sem það þarfnast.

43  
23. júní

#### 9. gr.

Ráðstafanir þær, sem getur í 8. gr., má þó eigi gera gegn vilja foreldra-anna, nema 2 af hverjum 3 skólanefndarmanna (sbr. 1. gr.), 4 af hverjum 5 eða 5 af 7 barnaverndarnefndarmönnum séu sammála um þær, enda hafi nefndin áður gert foreldrunum viðvart.

Ráðstafanir nefndarinnar koma til framkvæmda þegar í stað, og er foreldrum barnsins eða forráðamönnum óheimilt að flytja það aftur til sín, fyrr en nefndin leyfir.

Ráðstöfunum og úrskurðum barnaverndarnefnda samkvæmt 6. og 8. gr. má skjóta til fullnaðarúrskurðar barnaverndarráðs.

#### 10. gr.

Þegar meiri hluti skólanefndar (sbr. 1. gr.) eða barnaverndarnefndar telur rétt að taka barn af heimili þess gegn vilja foreldra eða forráðamanna, geta þeir borið málið undir barnaverndarráð, og skal hlíta úrskurði þess (sbr. 21. gr.).

#### 11. gr.

Þegar nefndinni er kunnugt um, að heimilismaður, þar sem börn eru, spillir heimilinu með ofdrykkju eða öðru ósæmilegu athæfi, er henni skylt að vanda alvarlega um við manninn, en beri itrekaðar umvandanir engan árangur, ber nefndinni að fela viðkomandi valdsmanni að rannsaka framferði mannsins á heimilinu og hver áhrif það hafi á hagi barnanna. Verði það ljóst, að þeim sé háski búinn af framferði mannsins, en þeim gæti annars liðið vel á heimilinu, er valdsmanni skylt, í samráði við barnaverndarnefnd, að gera ráðstöfun til þess að tryggja hag barnanna, og er honum þá heimilt að víkja mannum burt af heimilinu um stundarsakir, eða um lengri tíma, bæti hann ekki ráð sitt.

#### 12. gr.

Komist nefndin að raun um, að húsráðendur, sem hafa tökubarn, vanræki uppeldi þess, eða fari illa með það, þá er henni ekki aðeins heimilt að taka barnið frá þeim, heldur einnig — þegar miklar sakir eru — að banna þeim að taka vandalaus börn framvegis.

**43** Þessi ákvæði ná og til barnahæla og annara stofnana, er taka börn til  
23. júní fósturs. En heimilt er bæði þeim og fyrrgreindum húsráðendum að skjóta til barnaverndarráðs úrskurði, er sviptir þau rétti til að taka önnur vandalaus börn (sbr. 21. gr.).

### 13. gr.

Börnum þeim, sem getur í 8. gr. 1., 2. og 5. tölulið, ber nefndinni, ef unnt er, að koma fyrir um stundarsakir á barnahæli eða öðrum þeim stað, þar sem völ er á sérfræðiathugunum á þeim. Sé um fávita að ræða eða vanþroska börn að vitsmunum, ber nefndinni að hlutast til um, að þau komist til langdvalar á hæli, er hentar slíkum börnum, jafnskjótt sem það verður reist.

### 14. gr.

Foreldrar eða framfærslumenn eru skyldir að gefa með börnum sínum þangað, sem nefndin ráðstafar þeim, þó eigi yfir meðalmeðgjöf, þar sem barninu er komið fyrir, nema lögreglustjóri telji aðilja, að undangenginni rannsókn á efnun aðilja og ástæðum hans, færan um að greiða meira. Að því leyti, sem framfærslumaður greiðir eigi meðlag, eða hluta þess, samkvæmt framanskráðu, geldur sveitarsjóður eða bæjar það, og telst þá það af meðlaginu, sem aðilja var skylt að greiða, sveitarstyrkur til hans. Nú semur barnaverndarnefnd um herra meðlag með barni en meðalmeðlag, og þarf þá samþykki viðkomandi fátækrastrjórnar til þess að bæjar- eða sveitarfélagi verði skylt að greiða herra meðlag en sem því nemur.

Kostnaður við nauðsynlegan flutning barns greiðist af framfærslumanni, og ef hann þrýtur, af bæjarsjóði eða sveitar.

### 15. gr.

Sérhverjum þeim, sem kunnugt er um börn eða heimili, sem getið er um í 8. gr. þessara laga, er skylt að tilkynna það nefndinni tafarlaust.

### 16. gr.

Nefndarmenn eða umboðsmenn þeirra hafa jafnan rétt á að koma á þau heimili eða hæli, þar sem börn eru, sem þeir eiga að hafa eftirlit með, og má ekki hindra það.

### 17. gr.

Nefndirnar styðja hver aðra eftir því sem kostur er á. Sérstaklega benda nefndir í sveitum kaupstaðanefndum á góð sveitaheimili, sem fánleg væru til að taka börn úr kaupstöðum.

### 18. gr.

Brot gegn 6. gr. 10. tölul., 9. gr. 2. málsg., 11., 12., 15. og 16. gr. varða sektum, allt að 500 kr., eða fangelsi, ef miklar sakir eru, enda liggja ekki þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum. Mál vegna brota þeirra, er hér segir, fara að hætti almennra lögreglumála.

## II. KAFLI.

43  
23. júní

## 19. gr.

Ráðherra skipar barnaverndarráð, og á það heimili í Reykjavík. Í barnaverndarráði eru 3 menn. Skal 1 skipaður samkvæmt tillögu Prestafélags Íslands, 1 samkvæmt tillögu Kennarafélags Íslands, en einn tilnefnir kennslumálaráðherra, og er hann formaður. Barnaverndarráðsmenn skulu skipaðir til 4 ára.

## 20. gr.

Heimilt er barnaverndarráði að kjósa sér fulltrúa í fjarlægum héruðum eða kaupstöðum, ef kennslumálaráðherra samþykkir.

## 21. gr.

Hlutverk barnaverndarráðs eru þessi:

1. Að hafa yfirumsjón með barnaverndarstarfi allra nefnda landsins, veita þeim leiðbeiningar, er þess óska, og vanda um við þær, er vanrækslu sýna.
2. Að taka á móti ársskýrslum allra nefndanna og gefa út stuttan útdrátt úr þeim annaðhvert ár.
3. Að hafa eftirlit með öllum barnahælum landsins og láta einhvern barnaverndarráðsmann eða fulltrúa heimsækja þau, ekki sjaldnar en tvisvar á ári, til að kynna sér heimilishætti og meðferð barnanna.
4. Að leggja úrskurð á þau mál, sem undir hana eru borin (sbr. 5., 9., 10. og 12. gr.).

## 22. gr.

Kostnaður af barnaverndarráði greiðist úr ríkissjóði.

## 23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1932. Frá sama tíma falla úr gildi öll þau ákvæði í lögum, er í bága fara við lög þessi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Christiansborgarhöll, 23. júní 1932.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

---

*Magnús Guðmundsson.*